

Sp.

843. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð fyrir rafveitu Stykkishólms.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 350 þús. kr. lán til endurnýjunar rafveitu Stykkishólmsahrepps, þó ekki yfir 85% kostnaðar.

G r e i n a r g e r ð .

Í Stykkishólmi er rafveita, sem rekin er með 2 gömlum vélum. Voru þær upphaflega 25 hestafla hvor, en skila nú orðið ekki meira en 20 hestöflum hvor fyrir elli sakir og eru afar olúfreakar. Önnur vélin er að verða ónýtt og hvergi hægt að fá varahluti. Kaupúninu er nauðugur einn kostur að fá nýjar vélar nú þegar á þessu ári, svo að ekki skapist algert öngþveiti í rafmagnsmálum þess. Vatnsvirkjanir þær, sem rætt hefur verið um í 11 ár, eiga væntanlega alllangt í land enn og geta ekki bætt úr hinni bráðu þörf.

Talið er, að kaupa þurfi tvær vélar, samtals 200—230 hestöfl, og hús verður að byggja yfir þær. Má gera ráð fyrir, að þessi kostnaður nemi um 400 þús. kr. Í samræmi við þá stefnu, sem nú virðist efst á baugi í þingi, að takmarka rafveituábyrgðir við 85% kostnaðar, er upphæðin í tillögu þessari ákveðin 350 þús. kr.